

Árni Vilhjálmsson fv. héraðslæknir látinn

ÁRNI Vilhjálmsson fyrrverandi héraðslæknir á Vopnafirði lézt í Reykjavík s.l. laugardag. Árni fæddist 23. júní 1894 að Ytri-Brekkum á Langanesi, sonur hjónanna Vilhjálms Guðmundssonar og Sigríðar Davíðsdóttur. Stúdent varð Árni 1914 og cand. med. frá Háskóla Íslands 1919. Framhaldsnám stundaði Árni síðan í Noregi 1920—1922.

Árni var um hrið staðgengill héraðslæknisins á Norðfirði og eins á Reyðarfirði. Síðar var hann læknir í Vestmannaeyjum 1922 til 1923. Settur héraðslæknir í Flateyjarhéraði um hrið 1923 og síðan á Seyðisfirði og á Hofsósi.

Árið 1924 var Árni skipaður héraðslæknir í Vopnafjarðarhéraði og gegndi hann því starfi til 1. janúar 1960 er hann fékk lausn frá embætti. Þjó Árni eftir það í Reykjavík og vann hjá Tryggingarstofnun ríkisins auk þess sem hann leysti lækna af úti á landsbyggðinni.

Árin 1925 til 1955 eða um 30 ára skeið var Árni í hreppsnefnd

Vopnafjarðar. Þar af var hann oddviti frá 1925—28 og 1934—38.

Árni var kvæntur Aagot Fougner dóttur Rolfs kaupmanns Johansen á Reyðarfirði.



Árni Vilhjálmsson

Minning:**Árni Vilhjálmsson
fyrrv. héraðslæknir**

Aðfaranótt 9. apríl s.l. andaðist á Landspítalanum, hér í borg, Árni Vilhjálmsson, fyrrgerandi héraðslæknir, eftir nokkarra vikna sjúkrahússvist og langvarandi sjúkleika á heimili sínu að undanförunu. Þeim sem fréttu af slíkum atvikum eftir fjölda ára nán og sérstaklega góð kynni af hinum látna, hlýtur að bregða alvarlega við breytinguna. Þannig var því háttá með þann, er ritar þessi minningarorð um hinn horfna bekkjarbróður og vin. Við Árni Vilhjálmsson vorum bekkjarbróður í Menntaskólanum í Reykjavík, frá 1912 til 1914, er við urðum saman stúdentar frá nefndum skóla. Þegar í Háskólann kom, skildu leiðir, Árni fór í læknadeild, en ég í lagadeild. Við hittumst þó oft og höfðum framvegis talsverða umgengni og kynni hvor af öðrum, enda góðir kunningjar og vinir allt til dánardags Árna. Við, er lukum stúdentsprófi 1914 vorum 19 að tölu. Af þeim hópi lifa nú þrjú, frú Jóhanna Magnúsdóttir lyfsali, Laugavegi 40a, hér í borg, Sigurður Óskar Lárússon fyrrverandi prófastur, nú að elli- og hjúkrunarheimilinu Grund og undirritaður.

Ég tel að óhætt sé að staðhæfa, að allir er kynntust Árna lækni hljóti að hafa verið sammála um, að þar væri á ferð einstakur heiðursmaður, gáfaður, drenglyndur og raunsær. Við bekkjarystkin hans urðum fljótt vör við þetta og máttum hann mikils, enda þel hans til okkar í samræmi við

það. Námseinkunnir Árna í skóla voru jafnan áberandi háar og með þeim hæstu í bekknum.

Geðfar Árna var og ávallt hið bezta, gleði og gæðum blandað og jafnan til aukinnar velþóknunar í okkar hópi. Ég er þess og viss að hvert okkar, hvort heldur lifandi eða látin, senda honum sínar beztu kveðjur til núverandi dvalarstaðar hans og segjum: Guð veri með þér.

Að loknu stúdentsprófi settist Árni í læknadeild Háskóla Íslands eins og fyrr var getið og lauk læknisprófi frá þeim skóla 27. september 1919, með 1. einkunn 192 stigum. Frá þeim tíma stundaði hann jafna læknánám og lækningar bæði hér á landi og erlendis. Ég tel ekki ástæðu til að telja hér upp öll læknisembætti og önnur störf, er Árni hafði, en vísa í því sambandi til bókar, sem út hefur verið gefin, m.a. um þau efni og heitir: „Leifturmyndir frá læknadögum“ þar sem nokkir læknar skýra ff læknastörfum sínum og út kom 1970. Ennfremur leyfi ég mér að vísa til bókarinnar: „Læknar á Íslandi“. Fullyrða má að Árni hafi verið almennt álitinn með færustu læknum þessa lands.

Í einkalífi sínu var Árni Vilhjálmsson mikill gæfumaður, eiginkona hans frú Aagot Fougner Jóhansen var manni sínum stoð og stytta jafnt á heimili sem við störf hans. Þeim varð 11 barna auðið og lifa þau öll nema Snorri lögfræðingur og sýslumannsfulltrúi á Selfossi, sem kvæntur var



Evu Þorfinnsdóttur. Þau voru og eru öll hin mannvænlegustu og prýðilega gefin á alla lund. Börn þeirra 10, er lifa föður sinn eru: Kjartan læknir, kvæntur Ragnhildi Sigbjörnsdóttur húsmæðrakennara, Árni tæknifræðingur, kvæntur Kristínu Tómasdóttur, Kristín Sigríður, gift Sveinbirni Jónseyri leiklistarráðunaut, Sigrún, húsmæðrakennari, gift Óskari Halldórssyni lektor við Háskóla Íslands, Valborg, gift Inga Birni Halldórssyni, skipstjóra í Reykjavík, Vilhjálmur járnsmiður í Reykjagík, kvæntur Valgerði Stefánsdóttur, Aagot, gift Guðmundi Halldórssyni, stýrimanni í Reykjavík, Rolf Fougner, tæknifræðingur í Reykjavík, kvæntur Guðlaugu Sæmundsdóttar frá Vopnafirði, Aðalbjörg, hjúkrunararkona gift Árna Geir Stefánsyni kennara við Kennaraskólann, Þórólfur, sýsluskrifari á Selfossi, kvæntur Magnhildi Gísladóttur.

Ég vil svo að lokum votta ekkju og börnum vinar míns Árna dýpstu samúð mína og óska þeim og aðstandendum þeirra allra heilla.

Sveinbjörn Jónsson.

Minning:

Árni Vilhjálmsson fyrrv. héraðslæknir

Fæddur 23. júní 1894

Dáinn 9. apríl 1977.

Í 83. tölublaði Tímans 14. apríl s.l. var getið andláts Árna Vilhjálmssonar fyrrv. læknis, og þar rakinn námsferill hans og starfs- vettvangur í stórum dráttum. Hef ég þar engu við að bæta. En hvað um manninn sjálfan? Um það langar mig til að fara nokkrum orðum, frá mínum bæjardyrum séð, þótt í ófullkomleika sé.

Árni var skipaður héraðslæknir í Vopnafjarðarhéraði árið 1924, og gegndi því embætti óslitið til 1. janúar 1960, þegar hann fékk lausn frá embætti fyrir aldurs sakir.

Hann starfaði því hér mestan hluta sinnar löngu starfsævi, og tel ég að Vopnfirðingar eigi honum og þeim hjónum mikið að þakka fyrir veru sína hér.

Árni var skarpgreindur og mjög fljótur að átta sig á hlutunum. Hispurslaus og hrókur alls fagnaðar þegar því var að skipta. Hann var gjörhugull og traustur í öllum viðskiptum, enda ávann hann sér fljótt hér almennings- traust, eins og jafnan kom fram við kosningar í hreppsnefnd o.fl. störf hér.

Hann stundaði læknisstörf öll með einstakri alúð og dugnaði, og held ég að segja megi að honum hafi farist öll slík störf mjög vel úr hendi og verið glöggskyggn á að greina sjúkdómseinkenni. Taka verður með í reikninginn, að ekki voru á þeim tímum, eða sérstaklega framan af starfsævi Árna þekkt öll þau hjálpargögn sem nú þekkjast.

Hann gat haft það til, þó að sjaldan komi það fyrir, að vera dálítið hrjúfur á manninn, sérstaklega ef honum fannst að til sín væri leitað af litlu tilefni, en það stóð ekki lengi, og áður en varði kom hlýjan fram sem honum var svo eiginleg, sérstaklega þegar alvara var á ferðum.

„Það dugar ekki alltaf að segja elsku amma,“ sagði hann stundum við undirritaðan.

Hér í kaupúninu er einstæðingskona sem oft er á gangi um göturnar. Eftir að fréttist um lát Árna var hún oft að spyrja vegfarendur sem hún mætti, hvort þeir hefðu heyrt auglýsta jarðarför Árna. Daginn sem hann var jarðaður (15/4), mætti ég henni, og sagði hún þá: „Það er

verið að jarða Árna í dag, þar fór góður maður. Eg saknaði þeirra hjóna mikið, þegar þau fóru héðan.“ Svo mörg voru þau orð. En því get ég þeirra, að mér finnst það góður vitnisburður, og ekki síst þegar litið er á hvaðan hann kemur. Eg er viss um að þeir sem þekktu Árna best munu vilja taka undir þetta.

Árni var í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps í 30 ár, þar af oddviti í 8 ár. Í skattanefnd í 20 ár. Hann naut alltaf mikils trausts hjá hreppsþúum. Allir virtu glöggskyggni hans og heiðarleika, þótt stundum gæti náttúrlega greint á um leiðir að markinu, eins og gengur.

3. júní 1920 kvæntist Árni eftirlifandi konu sinni, Aagot Fougner, dóttur Rolfs kaupmanns á Reyðarfirði Johansen. Var Árni í því sem öðru mikill lánsmaður. Þar eignaðist hann lífsförunaut sem annaðist hann af mikilli alúð til hinstu stundar, og varpaði með glaðværð sinni, dugnaði og fórn- fýsi sífelldu sólskini inn á heimili þeirra og sambúð alla.

Þau eignuðust 11 börn sem öll komust til fullorðins ára, og eru 10 þeirra á lífi. Öllum var þeim komið til mennta, og sum af þeim eru langskólagentin. Það er því ekkert lítilt arfur sem þessi hjón láta eftir sig til þjóðfélagsins, og ekki síst þar sem þessi börn hafa, eftir því sem ég veit best, reynst góðir og duglegir þjóðfélags- þegnar.

Árni var mikill starfsmaður, og mátti segja að honum slyppi aldrei verk úr hendi á meðan starfsgetan leyfði. Hann var einstakur heimilisfaðir og reglusamur. Vinnan alltaf skipulögð hvern dag. Hann kenndi börnum sínum mikið heima í aukatímum undir framhaldsnám. Var það ætíð á sama tíma dag hvern, ef sérstakar lækniáðgerðir trufluðu hann ekki. A kvöldin var svo gjarnan gripið í þrjúna undir útvarpinu. Svona var iðjusemin.

Á föstunni þegar lesnir voru Passíusálmar í útvarpinu, tóku hjónin hvort fyrir sig sína Passíusálma og fylgdust með því sem lesið var. Þetta hafði ég ekki þekkt frá því ég var barn, og held að það sé sjaldgæft nú í seinni tíð.

Eg vil svo að síðustu þakka Árna fyrir gott samstarf í skattanefnd í mörg ár, og mikil og góð



störf í þágu Vopnafjarðar og Vopnfirðinga, og ánægjulegar samverustundir. Eg er þess fullviss, að allir eldri Vopnfirðingar muni vilja taka þar undir.

Við hjónin eigum honum mikið að þakka, þar sem hann gerði höfuðskurð á syni okkar við erfiðar aðstæður, og lánaðist vel.

Við sendum frá Aagot og öllum aðstandendum innilegar sam- úðarkveðjur og óskum þeim alls hins besta.

19. apríl 1977.

Fríðrik Sigurjónsson.

Minning:

Árni Vilhjálms- son fyrrv. héraðslæknir

Gagnmerkur maður, Árni Vilhjálms-son, fv. héraðslæknir í Vopnafirði, andaðist aðfaranótt hins 9. apríl s.l.

Á námsárum sínum í Menntaskólanum í Reykjavík 1912—14 og síðar í Læknaskólanum kom Árni oft á heimili foreldra minna á Skólavörðustíg 11 A, en þar var jafnan gestkvæmt.

Minnist ég Árna frá þessum árum og Þuríðar systur hans nokkru fyrr, þegar hún stundaði nám við Kennaraskóla Íslands og lauk þaðan prófi 1909 og framhaldsprófi 1924, en giftist hafði hún í N.-Þingeyjarsýslu 1910 og alið þar aldur sinn síðan, sem framfara sinnaður kvenskörungur í fræðslu og kvenréttinda málum, vinkona móður minnar og þeirra systra. Hún er enn á lífi.

Aftur lágu leiðir okkar Árna saman austur á Vopnafirði vorið 1934. Tóku þau hjón Árna og frú Aagot Fougner, dóttir Rolfs Johansens kaupmanns frá Reyðarfirði, mér tveimur höndum, þá og æ síðan er mig bar að garði, vegna starfa minna fyrir Sildarverksmiðjur ríkisins og sildarsöltunarstöð í Vopnafirði sem ég átti hlut að, með öðrum um nokkurra ára skeið.

Síðar er þau hjón höfðu flutt frá Vopnafirði til Reykjavíkur 1960 og sett að í Barmahlíð 21 í næsta nágrenni við mig og fjölskyldu mína á Miklubraut 52 gafst betra tóm til þess að ræða sameiginleg áhugamál.

Árni var góðviljaður framfaramaður sem unni sveit sinni, landi og þjóð. Hann var andvígur því haftafargani sem hér var dembt á 1931 og varð hér langvinnara, en annars staðar á byggðu bóli, utan einræðisríkjanna.

Skeytingarleysi um íslenska tungu og hvers konar hundavaðsháttur var eitru í hans beinum. T.d. vakti hann athygli mína á því, að rekatré, sem að landi bar, voru dregin úr sjó og þeim raðað í skarir hlið við hlið. Nú er stagazt á því dag eftir dag í ríkisút-



nesi er Sandvík en þar er útgerðarstöðin og þorpið, en þar er rækilega merkt Bakkafjörður á landabréfi og þannig prentað í símaskrá.

Ekki er enn farið að leiðrétta nafnið á Ísafirði, sem danskir kaupmenn nefndu svo eftir Ísafjarðardjúpi af ókunnugleika í stað Eyri við Skutulsfjörð.

Má ekki minnast Árna Vilhjálms-sonar héraðslæknis með því að leiðrétta nú þegar augljósar villur og ambögur eða hefur verið svo rækilega villt um fyrir Íslendingum, að þeir vilja heldur hafa það ranga, þótt vísað sé á hið rétta eins og Árni héraðslæknir hefur gert með því að rekja forn ornefni til uppruna síns.

Foreldrar Árna læknis voru Vilhjálmur bóndi á Skálum síðar í Ytri-Brekkum í Sauðaneshreppi f. 16. jan. 1854, d. 13. sept. 1912, Guðmundssonar bónda á Skálum Sigurðssonar. Kona hans var Sigríður f. 7. júlí 1852, d. 8. júní 1921, Davíðsdóttir, bónda á Heiði Sauðaneshreppi, Jónssonar. Er þessi ættbálkur mjög fjölmennur. Fjöldi mætra manna þjóðkunnra rekja ætt sína til hans sem hér verður of langt upp að telja.

phil., húsmæðrakennari. Maður Óskar, cand. mag., yfirkennari í Rvík Halldórsson; bróðir Þórs læknis.

5. Valborg f. 12. febr. 1930. Maður Ingi Björn skipstjóri í Rvík Halldórsson.

6. Vilhjálmur f. 20. apríl 1933 járnsmiður í Rvík. Kvæntur Valgerði Stefánsdóttur Árnasonar framkvæmdastjóra á Akureyri.

7. Aagot f. 7. apríl 1935. Maður Guðmundur stýrimaður í Rvík Halldórsson.

8. Rolf Fougner f. 3. nóv. 1937 tæknifræðingur, húsasmiður í Rvík.

9. Aðalbjörg f. 17. jan. 1939 hjúkrunarkona. Maður Arni Geir, fil. mag., gagnfræðaskólastjóri á Selfossi Stefánsson.

10. Þórólfur f. 9. nóv. 1941 skrifstofumaður. Kvæntur Magnhildi Gísladóttur Arasonar frá Hornafirði.

Sveinbjörn Jónsson hrl. bekkjarbróðir Árna Vilhjálms-sonar í Menntaskólanum í Reykjavík ritar ágæt eftirmæli um Árna heitinn í Mbl. hinn 15. apríl s.l. Getur Sveinbjörn þess að Árni hafi almennt verið talinn með færustu læknum þessa lands og er það sannmæli.

Aagot, kona Árna héraðslæknis, eignaðist þriðja son þeirra hjóna hinn 26. nóv. 1924. Tveimur dögum síðar bárust Árna lækni boð um konu í barnsnauð frá næst yzta bæ norðan Vopnafjarðar við þverhnipt fjall í sjó fram, kallað Búrið. Var Árna kunnugt um að fóstrið lá ekki rétt í leginu og myndi þetta því verða erfið fæðing. Er boðin komu var skollin á blindöskuhrið með stormi myrkri og kafófærð. Var Árni að niðurlotum kominn og svo þreyttur, að honum fannst, að hann myndi ekki komast lengra, en vegna lífshásku konu og barns og lífshamingju eiginkonu sinnar og nýfædds sonar síns heima og barna, hélt hann áfram, þrotinn að kröftum meira með einbeitingu viljans, en eigin mætti, studdur af æðri máttarvöldum.

Mátti með sanni segja hið sama og Grímur skáld sagði í hinu nafnkunna kvæði sínu um Svein Páls-son landlækni og stólpagripinn Kóp, sem brutust yfir ískalda Jökulsá á Sólheimasandi kolófæra í jakaburði og hörðum straumi bakka á milli.

„Úr barns og móður bætti hann þraut, blessun upp því skar hann“.

einræðisríkjanna.

Skeytingarleysi um íslenska tungu og hvers konar hundavaðsháttur var eitur í hans beinum. T.d. vakti hann athygli mína á því, að rekatré, sem að landi bar, voru dregin úr sjó og þeim raðað í skarir hlið við hlið. Nú er stagað á því dag eftir dag í ríkisútvarpinu, að þessar skararvíkur eru nefndar skoruvíkur, sem ekki er annað en afbökun úr skararvík eða skaravík. Allir miðaldra menn eða eldri kannast við skarsúð á sveitabæjum eða ísskór, þ.e. ísbrún, þegar borð liggur með röndina ofan á hinu.

Þá er talað um skarsúð eða skarað þak.

Langskip voru skjöldum sköruð.

Á prentuðum landabréfum af Langanesi er örnefnið „Læknisstaðir“ í stað Læknesstaðir, sem er hið rétta.

Við Bakkaflóa norðan á Digra-

Leiðrétting

Í minningargrein um Árna Vilhjálmsson, fv. héraðslækni í Vopnafirði, hafa orðið nokkrar prentvillur í Mbl. í gær, sem ég vil afsaka og biðja blaðið vinsamlega að leiðrétta. Eftirfarandi málsgrein hefur brenglazt lítilliga, en er rétt þannig:

Allir miðaldra menn eða eldri, kannast við skarsúð á sveitabæjum og tréskípum eða bátum, einnig við ísskór, þ.e. ísbrún eða jaðar á hafis eða lagnaðarís á sjó eða vötnum. Rætt er um skarsúð eða skarað þak, þegar tréborð liggur með röndina (jaðarinn ofan á næsta borði). Langskip voru skjöldum sköruð.

Kjartan læknir Árnason, er kvæntur Ragnhildi Björnsdóttur húsmæðrakennara. Árni tækni-fræðingur, kaupmaður á Akureyri, er kvæntur Kristínu Tómasdóttur.

Þá vil ég geta þess, að Þuríður, systir Árna læknis, bjó veturinn 1908—9 hjá foreldrum mínum, er hún stundaði nám í kennarskólanum.

Loks vil ég geta þess, að hinn nýi sóknarprestur í Háteigssókn, séra Tómas Sveinsson, hélt afburðasnjalla útfararræðu í kirkjunni.

Reykjavík, 19. apríl 1977.

Sveinn Benediktsson

Guðmundssonar bónda á Skálum Sigurðssonar. Kona hans var Sigríður f. 7. júlí 1852, d. 8. júní 1921, Davíðsdóttir, bónda á Heiði Sauðaneshreppi, Jónssonar. Er þessi ættbálkur mjög fjölmennur. Fjöldi mætra manna þjóðkunnra rekja ætt sína til hans sem hér verður of langt upp að telja.

Ekki hefur þessi góði ættstofn rýrnað hvorki að fjölda né mannavali, þegar í hópinn bætast börn þeirra Árna og Aagotar en þau voru 11 talsins og öll á lífi, nema Snorri lögfræðingur og fulltrúi sýslumanns á Selfossi f. 10. júlí 1921, d. 21. des. 1972. Hann var kvæntur Evu Þorfinnsdóttur.

Börn Árna og frú Aagotar Fougner dóttur Rolfs kaupmanns á Reyðarfirði Johansens á lífi eru þessi:

1. Kjartan f. 8. des. 1922, læknir.

2. Árni f. 26. nóv. 1924, tækni-fræðingur, kaupmaður á Akureyri.

3. Kristín Sigríður f. 30. júní 1926. Maður Sveinbjörn leiklistarráðunautur á Seltjarnarnesi Jónsson.

4. Sigrún f. 6. sept. 1927, cand.

kunna kvæði sínu um Svein Páls-son landlækni og stólpagripinn Kóp, sem brutust yfir ískalda Jökulsá á Sólheimasandi kol-ófæra í jakaburði og hörðum straumi bakka á milli.

„Úr barns og móður bætti hann þraut, blessun upp því skar hann“.

Hinn 28. nóv. 1974 fékk Árni fv. héraðslæknir svohljóðandi símskeyti frá vopnfirskum hjónum sem gladdi hann mjög:

„Þennan dag fyrir 50 árum bjargaðir þú tveimur mannlífum í Böövarsdal.

Heiður og þökk fyrir það læknisafrek. Kærar kveðjur, Lára Runólfsdóttir, Jón Eiríksson.“

P.S. Árni héraðslæknir bjargaði þenna dag 1924 konu og barni í barnsnaud við erfiðari aðstæður en nokkur orð fá lýst.

Sjálfur svaraði Árni þeim hjónum með símskeyti svohljóðandi: „Þakka skeyti ykkar af hrærðu hjarta. Guð blessi ykkur kærur vinir. Lífið heil.

Árni Vilhjálmsson.“

Fæðingin tókst með ágætum, með lítt þekktri aðferð, sem Árni hafði lært hjá Brandt yfirlækni við fæðingarstofnunina í Osló, hinum færesta lækni og einhverjum bezta kennara, sem Árni hafði nokkurntíma kynnt.

Árni var mjög vel að sér í íslendingasögum sem öðrum forn-um fræðum íslenskum. Langa kafla í Njálssögu kunni hann utanbókar. Þótti honum skýringar Barða sagnfræðings Guðmundssonar um uppruna Njálu merkilegri og líklegri en aðrar skýringar orófleiri sem fram hafa komið um uppruna sögunnar.

Útför Árna Vilhjálmssonar fór fram frá Háteigskirkju s.l. föstudag 15. apríl, að viðstöddu miklu fjölmenni. Var hvert sæti í kirkjunni skipað.

Með Árna lækni er genginn á vit forfeðra sinna og formæðra mætur maður, sem bæta vildi hvers manns böll eftir beztu getu. Slíkra manna er hverjum manni höllt að minnast.

Sveinn Benediktsson.